

Norðurá bs.
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 5.2.2025
UST202401-420/F.T.
08.14.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 16.12.2024, þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna fráviks er fram kom í eftirliti á urðunarstað Norðurár bs. í Stekkjarvík, þann 6.11.2024.

Frávikið er eftirfarandi:

- Gr. 5.5 í starfsleyfi. Skil á mæliniðurstöðum í ársskýrslu teljast ekki fullnægjandi. Niðurstöðunum fylgja ekki mælieiningar og því ekki hægt að nýta niðurstöðurnar til að meta ástand vatns.
Þann 10. janúar barst úrbótaáætlun rekstraraðila þar sem fram kom að við gerð skýrslna verði gögn framvegis betur yfirfarin, ásamt því að mælieiningum verði bætt við í sýnatökhlutann.
Skýrslan frá árinu 2023 yrði jafnframt uppfærð í janúar 2025 og settur inn viðauki með niðurstöðum úr sýnatökum. Stofnunin óskaði eftir því að fá skýrsluna senda þegar hún væri tilbúin og barst hún 31. janúar.

Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikin lokið. Farið verður yfir úrbætur á skýrsluskilum í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur